

boðið er til fagnaðar

Edinborgarhúsið hefur alltaf vitnað um stórhug. Þegar það var reist árið 1907 bar það höfuð og herðar yfir flest manna verk á norðanverðum Vestfjörðum. Teikningar Rögnvaldar Ólafssonar arkitekts, síðar húsameistara ríkisins, gerðu það óvenju glæsilegt þar sem það stóð á áberandi stað við Pollinn, stolt nýrrar aldar.

Enn er Edinborgarhúsið til marks um stórhug og stolt. Eftir að hafa gegnt ýmsum hlutverkum í tæpa öld, hýst fiskvinnslu, kjötvinnslu og fleira, gengur það í endurnýjun lífdaga sem allhiða menningarvinnsla. Síðan framsýnt fólk úr lista- og ferðageiranum keypti húsið lotlegt og lúíð árið 1992 hefur það verið gert upp bæði að innan og utan og þess kappkostað að færa ytri ásýnd þess til fyrra horfs.



3 . júní 2007
kynningarrit
edinborgarhússins
á Ísafirði

ritsjóri: rúnar helgi vignisson
útgefandi: edinborgarhúsið ehf
aðalstræti 7 - 400 ísafjörður
sími: 456 5444 - fax: 456 5443
edinborg.is - edinborg@edinborg.is

hvers konar hús ?

EDINBORGARHÚSIÐ dregur nafn sitt af versluninni sem lét reisa það. Edinborgarverslunin var um þarsíðustu aldamót eitt öflugasta verslunarfyritæki landsins. Hún var stofnuð í Reykjavík árið 1895 og var annar eigandi hennar Ásgeir Sigurðsson, sonur Sigurðar Andréssonar, smiðs og kaupmanns á Ísafirði. Hinn eigandinn var skoska verslunarfyritækið Copland and Berrie í Leith. Fyrstu árin var starfsemi Edinborgarverslunar bundin við Reykjavík en ekki leið á löngu uns fyrirtækið færði út kvíarnar. Árið 1900 var það farið að kaupa fisk á Ísafirði og í apríl 1907 fékk það byggingarleyfi við Pollinn á Ísafirði. Í lok sama árs var Edinborgarhúsið risið í þeirri mynd sem við sjáum það nú eftir gagngerar endurbætur.



HÍÐ NÝSTANDSETTA Edinborgarhús býður upp á aðstöðu fyrir alls kyns menningarstarfsemi. Eftir 15 ára endurreisnarstarf er húsið nú tilbúið til að sinna því hlutverki sem hinir nýju eigendur ætluðu því: að stuðla að aukinni fjölbreytni í mannlífi á Vestfjörðum. Edinborgarhúsið er samtals um 1.700 m² á þremur hæðum. Þar af er jarðhæðin 1.060 m².

Á JARÐHÆÐINI er að finna Edinborgarsal sem er rúmlega 476 m² þegar hliðarsalur er talinn með. Þetta er fjölnota salur sem býður upp á góða aðstöðu fyrir leiksýningar, tónleika, ráðstefnur, fundi, málþing, kaupstefnur og fleira. Á sömu hæð er 219 m² veitingahús sem tekur um 100 manns við borð.



Í SUÐURENDA Á 2. HÆÐ er Rögnvaldarsalur (114 m²) ásamt tveimur smærri sölum, sem eru 55 og 45 m². Auk þess að vera kennslusalir listaskólans henta þeir til mannabóta í sinni víðustu mynd.

Í NORDURENDA Á SÖMU HÆÐ eru svalir yfir Edinborgarsal og tæknirými salarins.



Á 3. HÆÐ Í RISI eru tveir salir í samtals 141 m² rými. Rýmið er einstaklega fallegt þar sem það er undir reisulegu háaloftinu. Auk mannabóta geta félög jafnframt fengið aðstöðu undir starfsemi sína eins og gerðabækur og fundarhamarinn.

MARGVÍSLEG STARFSEMI er þegar hafin í húsinu, jafnt á sviði lista, menningarviðburða og ferðapjónustu. Húsið hefur á síðustu árum hýst fasta viðburði menningarmiðstöðvarinnar, s.s. bókmenntadagskrána Opín bók, tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður og myndlistarsýningar af ýmsu tagi. Auk tilfallandi dagskrárlíða verða í húsinu fastir póstar eins og að neðan greinir.



LITLI LEIKKLÚBBURINN var stofnaður árið 1965 af ungu fólki á Ísafirði. Fyrstu árin voru allar sýningar í Alþýðuhúsinu á Ísafirði en seinna í Félagsheimilinu í Hnífsdal. Síðustu árin hefur húsnæðisskortur hamlað starfsemi, en nú hillir undir framtíðarhúsnæði leikklúbbsins í Edinborgarhúsinu. Klúbburinn hefur sett upp fjölda leikrita í árunna rás og oftast fengið prýðilegar móttökur. Uppsetningin á Söngvaseið vorið 2003 var t.d. valin áhugaleiksýning ársins og var í tilefni af því sýnd í Þjóðleikhúsinu. Hinn nýji salur í Edinborgarhúsinu mun marka þáttaskil í sögu Litla leikklúbbsins og má vænta margra skemmtilegra sýninga á næstu árum.

MYNDLISTARFÉLAGIÐ Á ÍSAFIRÐI var stofnað árið 1985 og starfrækti lengst af sýningarsalinn Slunkaríki. Félagið stóð snemma fyrir námskeiðum í myndlist eða þangað til listaskólinn var stofnaður. Félagið mun standa fyrir sýningum í Edinborgarhúsinu líkt og það gerði í Slunkaríki þó að það verði kannski með öðru sniði en áður var.

LISTASKÓLI RÖGNVALDAR ÓLAFSSONAR er í eigu tveggja stærstu hluthafa Edinborgarhússins efh., Litla leikklúbbsins og Myndlistarfélagsins á Ísafirði, auk Tónlistarskóla Margrétar Gunnarsdóttur. Skólinn var stofnaður árið 1993 og er uppbygging

hans miðuð við að veita almenna fræðslu á sviði myndlistar, leiklistar, tónlistar og danslistar. Einnig stendur skólinn fyrir fræðslu á sviði byggingarlistar og hönnunar. Listaskólinn býður bæði nám samkvæmt fastri stundaskrá og einstök námskeið.

UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA og aðstaða fyrir ferðapjónustuaðila er á jarðhæð í suðurenda hússins. Edinborgarhúsið er í hjarta bæjarins og því ákjósanleg staðsetning fyrir þjónustu á því sviði.

VESTURFERÐIR - FERÐASKRIFSTOFA hafa um árabíl leigt aðstöðu fyrir starfsemi sína í húsinu.

VEITINGAHÚSIÐ Í EDINBORG er einnig í suðurenda hússins, þeim megin sem snýr að Pollinum. Þann hluta hafa veitingamenn tekið á leigu til lengri tíma. Staðurinn er bjartur og stílhreinn og þaðan er útsýni yfir höfnina. Allir sem Edinborgarhúsið fóstur munu leitast við að styðja hverjir aðra með samhentum skipulagi.



SJÁLFT ER EDINBORGARHÚSIÐ BÆÐI LISTMUNUR OG SÖGULEG ARFLEIÐ. AÐ LÍTA ÞAÐ AUGUM ER UPPLIFUN, AÐ KOMA INN Í ÞAÐ ER ÆVINTÝRI. EINS OG KÖGUR OG HORN OG HELJARVÍK MUN ÞAÐ SEIÐA HUGI ÞEIRRA SEM RÓA Á MIÐ MANNSANDANS, Í SENN LÁTLAUST OG TILKOMUMIKIÐ, GAMALT OG NÝTT – EINS OG LÍFIÐ SJÁLFT.

dagskrá í júní

Opnunarhátíð Edinborgarhússins, Sjómannadaginn 3. júní, hefst kl. 14.00.

Allir eru hjartanlega velkomnir að koma og samgledjast með aðstandendum hússins á þessum tímamótum og einnig heiðra íslenska sjómenn með táknrænum hætti.

SJÁ DAGSKRÁ SJÓMANNADAGSINS Á EDINBORG.IS

3. til 30. júní		MYNDLISTARSÝNING. Félagar Myndlistarfélagsins á Ísafirðir, nemendur LRÓ og starfsmenn Hvestu Ísafirði setja upp verk sín og sýna í öllu húsinu.	
4. júní	kl. 17.30	DANSSÝNING LRÓ	Nemendur LRÓ
5. júní	kl. 17.30	DANSSÝNING LRÓ	Nemendur LRÓ
5. júní	kl. 20.00	VORTÓNLEIKAR LRÓ	Píanó og gítarnemar.
7. júní	kl. 21.00	HVAÐ ER AÐ GERAST Í BÍLSKÚRNUM?	Tónleikar fyrir alla aldurshópa.
9. júní	kl. 21.00	TÓNLEIKAR.	Stórsveit Samúels Jóns Samúelssonar.
9. júní	kl. 24.00	STÓRDANSLEIKUR MEÐ STÓRSVEIT SAMÚELS	Hér er tækifæri til að dusta af dansskónum!
18. - 24 júní		VIÐ DJÚPIÐ	Tónlistarhátíð og sumarnámskeið í Hömrum og í Edinborg
24. júní	kl. 20.00	DANSSÝNING	Henna Riikka-Nurmi dansar við píanóundirleik Margrétar Gunnarsdóttur og Jasskvartets Bolungarvíkur
25. - 26. júní	kl. 14 -18	MYNDLISTARSÝNING	Leikskólabörn í Ísafjarðarbæ sýna.
28. júní		ACT ALONE	Einleikjahátíð
29. júní		ACT ALONE	Einleikjahátíð
30. júní		SALTFIŠKVEISLA BYGGÐASAFNSINS	Hér reynir á bragðlaukana og dansskóna

Ferðalagið byrjar í Eymundsson



Landakort
Ferðafylgihlutir
Ferðahandbækur

og svo miklu, miklu **meira**

Haraldur Eymundsson
Hádegisvegur 7
101 Reykjavík

PEYRIR Eymundsson

VELKOMNIR NAUTNASEGGIR!

KAFFI EDINBORG ER NÝJASTA RÓSIN Í HNAPPAGAT VESTFIRSKRA NAUTNASEGGJA. ÞAR VERÐUR FRAMREITT DÝRINDIS KAFFI AUK MEÐLÆTIS AF ÝMSUM TOGA, LÉTTIR RÉTTIR AUK AFBRAGÐS VÍNTEGUNDA. KAFFI EDINBORG ER ÆTLAÐ AÐ VERA ALLT Í SENN, KAFFIHÚS, VEITINGAHÚS, BAR OG VEISLUDJÓNUSTA ENDA ÓHÆTT AÐ SEGJA AÐ EDINBORGARHÚSIÐ BJÓÐI UPP Á MARGVÍSLEGA MÖGULEIKA. KAFFI EDINBORG MÁ ÞVÍ TELJAST SAMKOMU OG DVALARSTAÐUR ÞEIRRA SEM KJÓSA AÐ BREGÐA SÉR AF BÆ. ÞAR VERÐUR BODIÐ UPP Á ÞRÁÐLAUST NET, DAGBLÓÐ OG ALMENN ÞÆGINDI, AUK VÍNALEGSVIÐMÓTS STARFSFÓLKS. SÁLIR HÚSSINS AUK VEITINGAÐSTÖÐUNNAR ERU TILVALDIR TIL HVERS KYNS VEISLUHALDA AUK RÁÐSTEFNUHALDS OG GETUR KAFFI EDINBORG VEL VERIÐ TIL TAKS ÞEGAR ÚTVEGA ÞÁRF FÆÐI OFANÍ DÝRSTA OG SVANGA RÁÐSTEFNUGESTI.